



Fundargerð

3. fundur lýðheilsuráðs, haldinn að Tjarnargötu 12, 13.11.2019, kl. 08:15

Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Hrafn Ásgeirsson, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Lýðheilsusjóður (2019100080)

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur segir frá umsókn í lýðheilsusjóð sem sótt var um 4. nóvember sl. Sótt var um styrk til að gera rannsókn sem miðar að því að gera grunnlínumælingu á aðstæðum Suðurnesja á þeim vaxtartímamótum sem svæðið stendur frammi fyrir. Það verði gert með því að kalla fram viðhorf íbúa til samfélagsins, upplýsingar um líðan þeirra og félagslega þátttöku með áherslu á niðurstöðum úr Lýðheilsuvísum undanfarin ár.

Rannsóknin verður samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ef nægilegir styrkir fást fyrir verkefninu.

2. Stefnumótun í lýðheilsumálum (2019100079)

Rætt um stefnumótun lýðheilsamála í samstarfi við íbúa, hagsmunaaðila og sérfræðinga í Reykjanesbæ. Rætt um kortlagningu og mælikvarða á lýðheilsu í sveitarfélaginu. Lýðheilsufulltrúa er falið að gera drög að stefnu.

3. Heilsueflandi samfélag (2019050505)

Reykjanesbær hefur verið frá árinu 2016 þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag og hefur verkstjórn verið hjá íþrótt- og tólmstundafulltrúa en færist nú til lýðheilsufræðings.

4. Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum (2019050330)

Farið yfir næstu skref í samstarfi Reykjanesbæjar, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og annarra sveitafélaga á Suðurnesjunum um Heilsueflandi samfélag. Lýðheilsufræðingur kallar á fund.

Jóhann Friðrik Friðriksson
Guðrún Pálsdóttir

BIRGITTA RÚN BIRGISDÓTTIR
Hrafn Ásgeirsson

GUÐRÚN ÖSP THEODÓRSDÓTTIR

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.20